

104. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og bygginganefnd þann 11. mars, 2008 kl. 17:00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Emil Þór Guðbjörnsson, Björgvin Ólafsson, Berglind Lilja Þorbergsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Byggingarleyfi. Aðalgata 35, sjálfafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ökutækja. Teiknistofan Tröð/ Sigríður Magnúsdóttir kt. 260362 6589 sækir um leyfi f.h. Atlandsolíu ehf, kt. 590602 3610 að reisa sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ökutækja á lóð nr. 35 við Aðalgötu samkvæmt teikningum dags. 13.02. 2008.

Samþykkt að uppfylltum skilyrðum. Gjöld samtals kr.

2. Fyrirspurn. Víkurgata 8, stækkun og endurbygging á útihúsi. Jon Nordstein, f.h. Þorgeirs Kristóferssonar eigenda Víkurgötu 8, óskar eftir að endurbyggja og stækka útihús á lóð fyrir bílskúr, bátaskýli og vinnustofu með geymslulofti, sbr. bréf og teikningar dags 21. 02. '08.

Tekið er jákvætt í fyrirspurn og nefndin gerir ekki athugasemdir við útlit. Að öðru leiti er vísað í fyrri bókun nefndarinnar frá 17. apríl 2007. Breyta þarf deiliskipulagi þegar að byggingarleyfisumsókn berst.

Bókun 1. við lið nr. 2: Emil er á móti að samþykkja erindið vegna stærðar húss og breytingu á deiliskipulagi.

3. Byggingarleyfisumsókn. Reitarvegur 6A, íbúðarhús. Jon Nordstein kt. 180756 2139/Arktitektar Olöf og Jon ehf sækja um byggingarleyfi f.h. Eddu Baldursdóttur kt. 160385 2869 á íbúðarhúsi við Reitarveg 6A sbr. teikningar frá Arkitektarstofu Olöf og Jon ehf. dags. 29.02.'08.

Staðsetning á húsi frá lóðarmörkum skal vera í samræmi við byggingarreglugerð.

4. Byggingarleyfi. Laufásvegur 1, hurðarop og gluggi á norðurhlið hússins. Steffen Iwersen/ Einrúm ehf arkitektar, sækja um f.h. Gretu Sigurðardóttur kt. 170547 7999, að breyta núverandi kjallarahurð í glugga og gera nýtt op fyrir hurð norðan megin á kjallara hússins að Laufásvegi nr. 1.

Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-

5. Hamraendi 3, mhl. 01 0107.
F.h. Friðborgar ehf/ Valentínus Guðnason kt. 100260 3959 sækir um að byggja milliloft í bil 010107 að Hamraendum nr. 3, sbr. teikningu frá Verkfræðistofu EK, dags. mars 2008.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

6. Erindi vísað til skipulags- og bygginganefndar af bæjarráðsfundi dags. 14.02.'08, um niðurfellingu á lóð.
Bæjarráð vísar til umsagnar nefndarinnar tillögu Berglindar Axelsdóttur um að lóðin Sundabakki 6 verði tekin út af deiliskipulagi og breytt í opið svæði.

Nefndin leggur til að lóðin verði áfram á deiliskipulagi.

7. Útiklefar við Íþróttamiðstöð og þjónustuhús á tjaldsvæði.
Lögð fram tillaga af fyrirhuguðum útiklefum sem staðsettir verða á sundlaugarsvæðinu, sunnan við innlaugina og gufubaðsklefa við geymsluskúr og þjónustuhús á tjaldsvæði.

Lagt fram til kynningar.

8. Reiðstígar og merkingar þeirra.
Edda Sóley Kristmannsdóttir f.h. Hesteigendafélags Stykkishólms óskar eftir að settar verði upp reiðstígamerkingar við reiðstíga sbr. gildandi Aðalskipulag 2002- 2024, og bréf dags. 11.03.'08.

Nefndin leggur til að komið verði upp viðeigandi merkingum við reiðstíga.

9. Gervihnattamóttakara að Hafnargötu 1.
Ingveldur Eypórsdóttir sækir um að setja upp gervihnattamóttakara á skjólvegg sem stendur uppi á svölum hússins sbr. bréf og myndir móttekið 11.03.'08.

Erindi samþykkt með fyrirvara um samþykki húseigenda.

10. Önnur mál.

B.V.